

# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK

**TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD**

SAMSUNG

Samsung Galaxy

# Xcover

*Snjallsími sem er hannaður, fyrir krefjandi aðstæður!*



### **X-treme** edition

- 3.6" Gorilla Glass snertiskjár
- 512MB vinnsluminni
- Langdrægt 3G og A-GPS
- 3Mp myndavél
- IP-67 staðall

Þolir 1. m. dýpi í allt  
að 30 mínútur!

Söluaðilar um allt land

Í mararskafti mjúku er nýja lagið með 200.000 Naglbitum.



## FRÍÐRIK DÓR

**Fyrstu sex:** 071088.  
**Upphaldsmatur:** Lasagne.  
**Upphaldsstaður:** Kaplakríki Stadium.  
**Upphaldslyftingaræfing:** Power Clean.  
**Upphaldskvikmynd:** Rock Star.  
**Upphaldsskip:** Togarinn Ottó.

# Friðrik Dór kveikir nýjan eld

Tónlistarmaðurinn **Friðrik Dór** hefur legið undir feldi undanfarin misseri en hefur nú ákveðið að skrifa út úr skelinni með nýja efnið sitt. Fyrsta lagið af væntanlegri plötu hans kemur út í dag.

„Þetta er popplag á sterum þó svo að við séum ekkert að finna upp hjólið og ég sé á móti steranotkun almennt,“ segir tónlistarmaðurinn Friðrik Dór um nýtt lag sitt, Kveikjum nýjan eld, sem hann vann með strákunum í Stop Wait Go en lagið kemur út í dag.

„Þetta er fyrsta lagið af nýrri plötu sem ég kem til með að gefa út með sumrinu. Sú plata er unnin í samstarfi við Stop Wait Go og Ólaf Arnalds,“ bætir Friðrik við en hann sendi síðast frá sér lag í september, lagið I Don't Remember Your Name, sem hann vann í samstarfi við Ólaf. „Óli hafði gert fyrir mig „remix“ af Leiðarlök sem kom vel út svo við ákváðum að prófa að semja saman lag frá grunni. Það kom vel út þó svo að það hafi bara verið eins konar tilraun. Í framhaldi

af því ákváðum við að Óli myndi koma að lagasmíðum fyrir næstu plötu.“

Fyrsta plata Friðriks Dórs, Allt sem þú átt, hlaut góðar viðtökur hjá landanum og gagnrýnendum þegar hún kom út fyrir júlín 2010. Þá var Friðrik brautryðjandi í íslensku RnB-tónlist en nú hafa fleiri bæst í hópin. „Í framhaldinu hafa fleiri reynt sig við svipaða tónlist þó svo að megnið af þeim listamönnum séu nær rapp-tónlistarsenunni. Mér finnst ég hafa verið kannski flokkaður heldur mikið þar inn en það er vegna þess að ég hef unnið lög í samvinnu við rappara. Mín tónlist er meira bara hreinræktað popp.“

### Hlóð rafhlöðurnar í Ameríku

Friðrik Dór tróð upp víðsvegar um landið á

síðasta ári en eftir mikla törn ákvað hann að taka sér smá hlé frá tónlistinni og drífa sig til Ameríku til að hitta vini og fjölskyldu. „Það var fint að taka smá hlé og leyfa fólkinu að fá smá hvíld frá mér. Ég held það sé nauðsynlegt að taka smá pásu til að skilja við það gamla og undirbúa eitthvað nýtt. Næsta plata held ég að verði betri en hún hefði orðið ef ég hefði vaðið beint í að gera hana án þess að taka hlé frá gamla stöfvinu,“ segir Friðrik en tekur þó fram að Ameríkuvöllin hafi ekki bara verið til að semja nýjar laglínur. „Það var gaman að sjá staði sem ég hef aldrei séð áður og kynnst lífi vina minna erlendis. Þetta er allt toppmenn og það er nauðsynlegt að rækta vinaböndin. Maturinn í Ameríku stendur líka alltaf fyrir sínu enda borðaði ég vel og var saddur frá sólarupprás til sólarlags.“

## Monitor mælir með

### Í SNJALLSÍMANN

Smáforritið Vöxer er stórsniðugur samruni sms-skilaboða og talhóla í talstöðvarfiling. Með forritinu geta vinir sent milli sín talskilaboð þegar erindið er ekki nógu brýnt til að slá á þráðinn til hins og þeir nenna ekki að hafa fyrir því að skrifa sms. Svo er líka bara töff að notast við talstöðvar.



### FYRIR UNGA

#### SEM ALDNA

Nú er átakið „Bindin fram í febrúar“ farið af stað sem hefur það markmið að fá konur og karla á öllum aldri til að hefja bindin á loft. Notkun hálsbinda hefur farið minnkandi undanfarna áratugi og því er fólk hvatt til að nota bindi hversdagslega í febrúarmánuði.

### Á NETINU

Á YouTube er að finna hljóm-sveitina Walk off the Earth sem hefur dælt



inn á YouTube flottum ábreiðum af þekktum popplögum samtímans. Margir hafa eflaust nú þegar rekið augun í hljómsveitina en útgáfa hennar af laginu Somebody That I Used to Know vakti mikla athygli á Facebook á dögunum.

### Vikan á ...

## facebook




### Heiðar Austmann

Charlie Adam kominn með 9 stoðsendingar

eftir leikinn í gær, Bellamy skorar sitt 9.mark í vetur og Reina er á toppnum ásamt Vorm og Hart í að halda hreinu í 9 leikjum og Andy Carroll skoraði. Góður dagur fyrir töluna 9 hjá LFC í gær! ;)

1. febrúar kl. 10:28



### Klara Elias

Contraband blew my mind!!!! AWESOME!!!!

Yay Baltasar!!!!

30. janúar kl. 6:09



### Anna Svava

Plís! Nennir einhver að sækja mig eða segja mér að fara heim. Búin að vera í heimsókn í 12 tíma.

29. janúar kl. 23:49



### Greta Salóme Stefánsdóttir

takk fyrir kveðjurnar kæra fólk :) Er svo ótrúlega þakklát.

29. janúar kl. 13:43

### Feitast í blaðinu

**Elisabet og Unnur í Íslenska dansflokknum sjá ekki á eftir millunni.** >>4

**Snorri Björnsson er í rugl góður í upphýfingum og kann að taka myndir.** >>6

**Arnar Sveinn Geirsson á fallgötum í fataskápnunum og fékk Stíllinn að sjá.** >>7

**Vilhelm Anton Jónsson fær borg að fyrir að leggja höfuðið í bleyti.** >>12

**Magni er alfarið á móti The Sun og myndi kalla sig Guðmund frá Brekkubæ.** >>14

### Efst í huga Monitor

## Rýmið nú notað undir rýmið

Félagi minn bað mig um aðstoð við að botna fyrri partinn: Vond er gigt í vinstri mjöðm Verri er þó í hægri öxl

Blaðamaðurinn síkátí, Einar Lövdahl, smellti sér strax inn á Rímorðabókina [islenkska.org/rima](http://islenkska.org/rima) sem tjáði okkur að engin orð ríma við mjöðm og öxl. Sjálfur vildi ég meina að þessi seinni partur gæti gengið: Hugnast betur hlýleg föðm hönd fer yfir lægri öxl

En orðið faðm sem ég beiti hér í fleirtölu sem orðið faðm er vissulega ekki til en er stundum notað í tal-máli sem stytting á orðinu faðm. Það má jú leika sér eilítið með málið okkar ylhýra. En þetta rímleysi vakti strax athygli mína svo ég gerði snögga leit á vefnum að fleiri orðum sem ekki eiga sér rím en fann um

leið skemmtilegar lausnir. Flest þekktum við það að orðið tungl er illviðráðanlegt þegar kemur að rími en á spjallborði Baggalúts fann ég skemmtilegar færslur frá árinu 2003. Þar ritar notandinn hvurslags eftirfarandi vísu: Hátt á himni lýsir tungl hælir stjörnuþingi. Brosir dátt að æstum ungl- ingi.

Barbapabbi fann sig einnig knúinn til þess að takast á við tunglið. Fagurt ofar færast tungl fyndið ekki gleður ýta þungl- yndið

Á Vísindavef Háskóla Íslands er tekið dæmi úr Þjóðsögum Jóns Árnasonar þar sem Kolbeinn Jökla-skáld kveðst á við kölska. Þeir botna fyrir parta hvors annars uns kölski

stendur á gati þegar Kolbeinn kvað: Horfðu í þessa egg, egg undir þetta tungl, tungl.

Kolbeinn sjálfur gat þó botnað *Ég steypi þér þá með legg, legg lið sem hrærir ungl ungl.*

„Þarna leikur Kolbeinn með orðið úlnliður en af því eru einnig til framburðarmyndir [ungliður, úlliður] og [úlnliður]. Af tungl eru til framburðarmyndir [túln] og [túnll],“ segir á Vísindavefnum. Ómar Ragnarsson bendir einmitt á það að yfirleitt sé hægt að finna rím í íslensku.

Tungan fer á feikna stím ef flinkir henni beita. og íslenskan á oftast rím ef menn bara leita.

# Ekkert svekkjar yfir millunni

**Emilía Benedikta og Unnur Elísabet** lentu saman í 3. sæti í *Dans dans dans* í lok síðasta árs. Þær standa nú í ströngu með Íslenska dansflokknum sem frumsýnir verkið *Minus 16* þann 4. febrúar næstkomandi.

## EMILÍA BENEDIKTA

Aldur: 26 ára.  
Reynsla í Íslenska dansflokknum: Búin að vera í ÍD í sjö ár.

## UNNUR ELÍSABET

Aldur: 27 ára.  
Reynsla í Íslenska dansflokknum: Tvö ár með ÍD og hef síðan „frilansast“ í ýmsum dansverkefnum.



### Hvers vegna ákváðuð þið að keppa í *Dans dans dans*?

Við ákváðum að keppa til að styðja danslistina á Íslandi. Við vorum ótrúlega ánægðar með hvað þetta sýndi vel hvað það er mikið af sterkum dönsurum á Íslandi. Þetta sýndi Íslendingum hvað við eigum mikið af flottum dönsurum.

### Hvers vegna tókuð þið þátt tvær saman? Eruð þið danstvieyki frá fyrri tíð?

Við æfðum saman frá því við vorum tíu ára gamlar þannig að við höfum þekkt mjög lengi. Síðan erum við nú líka bestu vinkonur og reyndar líka frænkur. Þetta lá bara beint við.

### Eruð þið ýkt svekkjar að hafa ekki unnið milljónina sem var í verðlaunafé fyrir fyrsta sætið?

Við erum brjálaðar (hlær). Nei nei, það var ekki markmiðið með þessu heldur frekar að taka þátt í því að búa til þátt. Þetta fékk frábært áhorf og við erum ótrúlega ánægðar með að hafa átt hlut í þessu.

### Hvað stendur upp úr þátttökunni í keppninni?

Aðallega samstarf okkar beggja. Það var rosalega gaman hjá okkur, þetta var eitt stórt hláturskast.

### Hvernig er það að dansa með flokknum samanborið við það að dansa í þáttunum?

Það er alveg tvennt ólíkt. Við vorum mjög stressaðar í þáttunum að vera að dansa með myndavélar alveg ofan í manni og líka það að standa fyrir framan dómnefnd og láta dæma mann. Með dansflokknum dönsuð við bara á sýningu og

svo fer fólk bara heim til sín og ræðir sýninguna sín á milli þar.

### Hvernig verður maður dansari í Íslenska dansflokknum?

Það er mun erfiðara að komast að í dansflokknum heldur en til dæmis fyrir leikara að komast að hjá leikhúsunum af því að það er svo fátt um laus pláss. Dansarar fara í áheyrnarprufur hjá flokknum og það hafa til dæmis verið haldnar slíkar prufur erlendis inn í Íslenska dansflokkinn og þá sækir oft hellingur af útlenskum dönsurum um stöðu. Núna voru til dæmis að koma tveir erlendir dansarar að dansa með okkur í þessari sýningu.

### Hvað getið þið sagt mér um verkið *Minus 16*?


Þetta er skemmtilegt og áhorfendavænt verk. Það er eftir hinn ísraelska Ohad Naharin og það er til dæmis búið að setja þetta verk upp úti um allan heim við frábærar undirtektir. Áhorfendur ættu ekki að verða sviknir, bæði dansáhugamenn og aðrir, enda rosalega mikil orka og dansgleði í þessari sýningu.

### Mér skilst að Naharin sé rokkstjörnudanshöfundur. Hvað þýðir það?

Hann er mjög stórt nafn í dansheiminum og ákveðin goðsögn innan senunnar. Hann er einmitt að fara að mæta hingað til okkar í Íslenska dansflokknum á fimmtudaginn (í dag) að hitta hópinn og við erum öll mjög spennt fyrir því að hitta hann. Hann er að fara að kenna okkur síðasta hlutann af verkinu, ákveða hverjir dansa hvað og leggja lokahönd á þetta hjá okkur.

### SKEMMTILEG STAÐREYND:

Upphafsstöfum í nöfnum Emilíu og Unnar má raða upp í orðið BUGGEE. Með góðri von og trú má síðan lesa út úr því orðið „búggi“, sem er víðþekktur dansstíll.



FACEBOOK.COM/MOOSEHEADICELAND



# HAFÐU HAUSINN Í LAGI

MEÐ MOOSEHEAD



HÁRMÓTUNARVÖRUR  
FYRIR KARLMENN



FÆST Í HAGKAUP, FJARÐARKAUP OG APÓTEKUM

# NEMI ER NEFNDUR

## SNORRI

**Fyrstu sex:** 050394.  
**Skólastig:** Á öðru ári í Verzlunarskóla Íslands á Náttúrufræðibraut, eðlisfræðisvið.  
**Myndavél:** Canon EOS 7D.  
**Heimasíða:** www.flickr.com/snorri94. En hún er heldur dauð reyndar.  
**Upphaldslitur:** Rauður.  
**Upphalds Disney-persóna:** Andrés Önd.  
**Æskudraumur:** Að verða leikari en hann er steindauður í dag.

# EKKI NÆSTI NEITT

**Snorri Björnsson** er 17 ára Verzlundur sem hefur dálæti á ljósmyndun og upphífungum.

### Hvers vegna byrjaðir þú að ljósmynda?

Ég hef alltaf haft áhuga á tækni og tölvur og myndavélar hafa alltaf heillað. En í byrjun árs 2009 fór ég á ljósmyndanámskeið með þabba mínum og eftir það var ekki aftur snúið. Þabbi reyndar smitaðist ekki og datt út úr þessu fljótlega eftir námskeiðið en hann er góður í að taka fjölskyldumyndir.

### Hvað þarf maður að hafa til að verða góður ljósmyndari?

Maður þarf að hafa viljann. Gæði myndavélar finnast mér ekki skipta máli. Ég gat tekið ágætismyndir fyrstu tvö árin mín þó ég væri með drasl-myndavél. Linsan finnast mér skipta meira máli. Næmt auga kemur með æfingunni sem má svo rekja aftur til viljans.

### Hvað finnst þér skemmtilegast að mynda?

Ætli það sé ekki landslag? Mér finnst alltaf spennandi að mynda íslenska náttúru en svo ef það kemur eitthvað verkefni með persónum sem eru frægar eða áhrifamiklar þá hefur maður meiri metnað fyrir verkefninu. Því stærra sem verkefnið er því skemmtilegra.

### Þú vannst með Baldri Kristjáns, ljósmyndara, síðasta sumar. Lærðir þú mikið af honum eða varstu bara tíkin hans?

Baldur lærði mikið af mér, það er engin spurning um

það. Ég lærði líka helling af „B-machine.“ En ég var vissulega líka tíkin hans þannig að þetta var svona þriðjætt síðasta sumar.

### Svo heldur þú þér í formi með því að stunda CrossFit-íþróttina. Hvenær kviknaði sá áhugi?

Hann kviknaði nákvæmlega 4. apríl á síðasta ári þegar ég ákvað að prufa eitthvað nýtt til að hreyfa mig. Þá fór ég í CrossFit Reykjavík og þá var ekki aftur snúið.

### Ert þú búinn að bæta þig í upphífungum?

Ég gat gert 5 upphífgar en í dag get ég gert 47.

### Ert þú næsta Annie Mist?

Nei.

### En næsti Svali á FM?

Ég æfi nú reyndar með honum. En ég er lítið búinn að þæla í þessu. Ég er ekki næsti neitt.

### Þú ert á öðru ári í Verzlunarskólanum þar sem þú ert á Náttúrufræðibraut með eðlisfræði sem aðalfag. Ertu algjör heili?

Ég hafði mikinn metnað fyrir náminu í grunnskóla en eftir að ég kom í Verzló þá tók N.F.V.I. við í staðinn fyrir námið. Þannig að minn tími fer í þetta nemendafélag. Ég næ alveg prófunum og svona en ég er

ekkert á leið á Ólympíuleikana í eðlisfræði. Og þó. Það getur allt gerst.

### Er einhver myndataka sem er eftirminnilegri en önnur?

Já, það var þegar við Baldur vorum á setti þegar verið var að skjóta sjónvarpsauglýsingu. Þetta eru langar vaktir og við vorum að vinna 12-13 tíma á dag. Þetta er sjúk keyrsla og maður er bara að borða einhverja ávexti og kex af bökkum og drekka vatn allan daginn. Svo er rosaleg myndataka í gangi og ég er að stilla upp ljósum fyrir Baldur en ég finn að ég þarf fáránlega mikið að kasta upp. Ég hleyp inn á klósett og kasta þar upp. Þetta var frekar fyndið allt saman. Ég kastaði upp öllu kexinu sem ég var búinn að borða en ég náði að stilla upp ljósunum.

### Á að smella sér á Nemó í kvöld?

Að sjálfsögðu. Ég var einmitt að mynda fyrir það. Ég tók myndina fyrir plakatið og ballið og tók líka myndirnar fyrir leikskrána.

### Hvernig list þér á restina af skólaárinu?

Gríðarlega vel. Nemó tilheyrir restinni svo það er mjög spennandi. Svo á eftir að gefa út Verzlunarskólablaðið en ég er einmitt í Verzlunarskólablaðsnefndinni og er að taka myndir þar svo það verður vonandi einhver snilld.

j/rj



### DÝRASTA

Þennan frakka keypti ég hjá Péttri í Boss-búðinni. Hrikalega góður hvernig sem viðrar og mjög töff.

### ÞÆGILEGASTA

Ég valdi Nudie-buxurnar því ég get verið í þeim við öll tækifæri, hvort sem maður er í góðu tjilli eða í góðum gir.



### NÝJASTA

Þessa peysu keypti ég í Svíþjóð í desember. Mjög þægileg og skemmir það ekki fyrir að hún er virkilega flott, nota hana mikið þessa dagana.

### ELSTA

Þennan búning fann ég einhvertímáni niðri í geymslu og fannst hann bara svo flottur að ég ákvað að byrja að nota hann. Hann var notaður á HM '89, svo hann er klárlega elsta flíkin.



### BESTA

Þessa 66° Norður úlpu fékk ég í haust og hef eiginlega ekki farið úr henni. Ég elska „gamla lúkkið“ á henni.

# Rauðhærðir með ljósar strípur ekki málið

**Stíllinn** fékk fótbotakappann og tískusérfræðinginn **Arnar Svein Geirsson** til að sýna okkur allt það fallega sem leynist í fataskápnunum hans.

## fataskápurinn

**Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum í fimm orðum?**

Stílhreinn, einfaldur en klikkar ekki!

**Hvar kaupir þú helst fötin þín?**

Ég versla langmest í útlöndum og nýti utanlandsferðirnar vel, en hérna heima versla ég oftast hjá Sindra í Sautján en K&S hafa verið að koma sterkir inn!

**Átt þú þér einhverja fyrirmynd hvað varðar fatastíl?**

Nei, ég get ekki sagt það. Ég er samkvæmur sjálfum mér og get ómögulega verið í fötum sem mér líður ekki vel í, jafnvel þó það sé „í tisku“.

**Hvað er ómissandi í fataskápinn fyrir strákana í vetur?**

Það er alveg ómissandi að eiga úlpu sem er bæði flott og sinnir hlutverki sínu vel. Það er ekki verra ef hægt er að nota þessa úlpu allt árið án þess þó að kafna úr hita á sumrin eða frjósa úr kulda á veturna.

**Ef þú yrðir að fá þér tattú, hvað myndir þú fá þér og hvar?**

Mig hefur lengi langað að fá mér tattú en það hefur ekki orðið að því ennþá. Ég myndi vilja fá mér eitthvað sem skiptir mig máli, upphafsstafir fjölskyldu eða eitthvað sem hefur merkingu fyrir mig, en ég hef ekki hugmynd um hvar.

**Hver hafa verið þín verstu tiskumistökk?**

Ég mæli alls ekki með því að rauðhærðir fari í ljósar strípur. Já, ég veit, hrikalegt en það er jákvætt hvað ég var ungur þegar ég gerði það því ég mun alveg bókað ekki gera neitt svoleiðis aftur.

### FLOTTASTA

Þennan bol keypti ég í Danmörku um daginn. Hann er í miklu uppáhaldi núna, finnst hann ekkert lítið svalur, enda Kanye alveg með þetta!










**Einu sinni smygluðu þær mér inn á lesbíubar og þá þóttist ég vera finnsk skógarhögglesbía.**



## ÞETTA EÐA HITT

**Reykjavík eða Akureyri?** Það fer eftir því hvernig mér líður. Reykjavík hefur meira en Akureyri hefur einfaldleikann.

**Linsur eða gleraugu?** Misjafnt, linsur núna en gleraugu á kvöldin.

**Málningarburstinn eða rafmagnsgítarinn?** Rafmagnsgítarinn, það er ekkert meira töff en hann.

**Ef þú yrðir að velja annaðhvort, hvort myndir þú frekar borða lifandi kakkalækka eða fara í forsetaframboð?** Forsetaframboð, ég held ég yrði drullugóður forseti en ég er því miður bara ekki nógu gamall. Ég er einu aldursári frá því, annars myndi ég bjóða mig fram í ár. Ég ætla að bjóða mig fram þegar krakkarnir sem eru að horfa á Sveppa og Villa-myndirnar fá kosningarrétt. Þá verð ég með 40.000 örugg atkvæði.



með flatskjá sem birtir arineld og svo fæ ég hugmyndir og reyni að vera sniðugur. Ég reyni að sjá hluti frá einhverju öðru sjónarhorni og fá einhverjar hugmyndir sem allir hafa ekki fengið áður.

**Er ekki rétt hjá mér að í þessari stöðu sért þú að feta í fótspor Jóns Gnarr og Þorsteins Guðmundssonar?**

Jú, þeir eru forverar mínir í starfi ásamt Sigurjóni Kjartans, Braga Ólafs Sykurmola og Rassa prump. Maður veit af þeim, andi þeirra hvílir á manni eins og blautt ullarteppi.

**Ef þú yrðir að titla þig með einhverjum starfstíli í símaskrá, hvaða titill yrði fyrir valinu?**

Það sem mér finnst skemmtilegast að gera og ég geri best er að búa eitthvað til hvort sem það eru myndir, tónlist, ljóð eða hvað sem er. Þar af leiðandi myndi ég, án þess að vera þjakaður af Jesúkomplex, titla mig sem „skapara“.

**Mér er sagt að þú sért mikill skotveiðimaður. Hvaðan kemur sá áhugi?**

Líklega frá afa mínum heitnum á Dalvík sem var fuglauppstoppari, leiktjaldamálari og leikstjóri svo eitthvað sé nefnt. Ég á margt sameiginlegt með honum. Það spilar örugglega líka inn í að ég mátti aldrei eiga byssur þegar ég var lítill þannig um leið og ég var orðinn nógu gamall þá fór ég bara út í búð og keypti mér byssu. Mér finnst meiriháttar að vera úti í náttúrunni og finnst allt gaman við það að vera að veiða.

**Þú ert með skýrar hugmyndir um hvernig þú myndir klæða þig ef þú værir kona, ekki satt?**

Algjörlega, ef ég væri kona myndi ég klæða mig nákvæmlega svona: Í hermannaklossum, hvítum krumpuðum sokkum, gulum krumpusundbol, gallastuttbuxum yfir, með svona „scrunchy“ í hárinu og köflóttu skyrtu yfir. Ég skil ekki af hverju það klæðir sig engin kona svona. Ég á sem sagt tvær mjög góðar vinkonur sem eru þar og hef ferðast dálítið með þeim. Einu sinni smygluðu þær mér inn á lesbíubar og þá þóttist ég vera finnsk skógarhögglesbía, það var mitt dulargervi þetta kvöld. Þá opnaði ég á þetta, leyfði mér að losa um þessa sýn mína á kvéntísku.

Þetta er svo töff, svona „grunge-tíska“ er geðveik. Ég vona að þetta verði aðaltískan í sumar.

**Mamma þín segir að þú hafir verið uppátækjasamur krakki. Er karakterinn sem þú leikur í Algjörum Sveppa byggður á þér í æsku?**

Við vorum kannski dálítið svipaðir, báðir svona örur. Það hefur alltaf átt illa við mig að hafa ekkert að gera, ég höndla það ekki. Notaði mamma annars orðið „uppátækjasamur“? Mamma er náttúrlega kennari, fer þannig varlega í sakirnar og hefur ekki viljað segja „óþolandi“. Ég hefði ekki óskað neinni móður að eiga mig sem son, það hefur ekki verið auðvelt. Ég man eftir einu skipti þegar mamma og pabbi voru að koma heim seint um kvöld með vinafólki sínu, þá fór ég út á stétt með hjólið mitt og ég helti vatni úr glasi á stéttina þannig að það var svona dökkur pollur og slóð á stéttinni og ég beyglaði mig einhvern veginn inn í hjólið mitt þannig að það var eins og ég hefði stútað mér á hjólinu. Þetta var allt eitthvað svona, einhverjir tilgangslausir hrekkir sem rugluðu í fólk.

**En varst þú alltaf með allt hárið upp í loft í æsku?**

EKKI alveg en hárið mitt stendur reyndar alltaf beint upp í loftið nema þegar ég er með hálf tonn af geli í því eins og núna.

**Þið eruð búnir að gera þrjár bíómyndir í fullri lengd um Algjöran Sveppa og vini hans. Hvernig er að gera svona íslenskar ævintýramyndir?**

Það er frábært. Þegar við lögðum af stað var þetta alveg törn en gert fyrir núll krónur. Á meðan þetta er bara heiðarlegt án rembinga þá er þetta flott. Þetta er bara ævintýri um vini sem lenda í veseni og það er enginn falinn boðskapur. Það er ekkert verið að finna upp hjólið, bara verið að búa til skemmtun. Ég vona líka að krakkarnir sem sjá þessar myndir hugsi dálítið að þeir geti gert það sem þá langar til. Það versta sem gerist er það ef barnið er tekið úr börnum. Við vitum öll að veggir eru harðir en það þurfa samt allir að hlaupa á vegg einhvern tímann til að komast að því. Að sama skapi er allt í lagi þegar hlutir brotna. Auðvitað er barnið skammað en þá lærir það líka að það megi ekki brjóta hluti.


**Leggur þú upp úr þessu í barnauppeldi?**

Algjörlega, það er svo mikilvægt að varðveita barnslegu forvitnina. Einn mikilvægasti eiginleiki manna er að geta orðið hissa. Um leið og við töpum því þá erum við dálítið bara að taka pláss í heiminum. Það er margt sem er svo flott sem er gaman að spá í eins og bara sandsteinagólfid hérna inni. Það er hægt að taka sér tíma, skoða það og hugsa út í það hver byrjaði að gera svona gólf og svo framvegis. Forvitnin verður að vera til staðar. Þeir sem skemma hana fyrir börnum eiga skilið að vera teknir upp á hálendi með þyrllu og skildir eftir þar.

**Eins og komið hefur fram hefur þú tekið þér ýmislegt fyrir hendur. Átt þú einhvern lista af hlutum sem þú ætlar að afgreidda áður en þú kveður þetta jarðlíf?**

Nei, er þetta ekki bara komið (hlær)? Ég veit það ekki, þetta kemur allt bara með kalda vatninu. Það var aldrei planið að leika í einhverri bíómynd, vera í sjónvarpi eða útvarpi, ég ætlaði bara að vera með rafmagnsgítar uppi á sviði. Það er reyndar ógeðslega margt sem mig langar að gera eins og að ferðast, halda áfram að búa til hluti og stýra einhverju. Mig langar líka að læra meira og þá er ég ekki endilega að tala um skóla heldur til dæmis læra af fólk. Mér finnst mjög áhuga-vert að hlusta á fólk, þannig getur maður fengið lánuð augu og eyru fólks. Til dæmis varst þú að segja mér að kærastan þín sé á Indlandi að ferðast, ef þetta viðtal er persónulegt um mig þá blöndum við persónulegu um þig líka inn í þetta. Kærastan þín kemur síðan heim og þá getur þú fengið eyrun hennar og augu að láni þegar hún segir þér sögur frá Indlandi. Ég er alveg heillaður af þessu svo áramótaheit-ið mitt er að heyra fleiri sögur.

PRADA phone by LG



13 · 02 · 2012

FERILLINN



Katherine Heigl

**Hæð:** 174 sentimetrar.  
**Besta hlutverk:** Dr. Izzie Stevens í Grey's Anatomy.  
**Skrytinn staðreynd:** Katherine flutti ekki inn með manni sínum, Josh Kelly, fyrr en þau voru gift.  
**Eitruð tilvitnun:** „Einu sinni sagði stelpa við mig að varðar á mér litu út eins og einhver hefði klínt jarðarberja-jógúrt í andlitid á mér.“

**1978** Fæðist 24. nóvember í Washington, D.C. í Bandaríkjunum.

**1986** Eldri bróðir Katherine, Jason, lætur lífid vegna höfuðáverka sem hann hlýtur í bílslysi. Fjölskyldan gefur líffæri hans og því er Heigl mikkil talsmaður líffæragjafar í dag og vinnur fyrir Donate Life America.

**1987** Fær samning sem fyrirsæta hjá Wilhelmina Models. Hennar fyrsta verk í sjónvarpi er Cheerios-auglýsing.

**1994** Fær fyrsta aðalhlutverk sitt í kvikmyndinni My Father the Hero. Hættir í skóla í 9. bekk til að elta Hollywood-drauminn.

**1997** Flytur með móður sinni í hús í Malibu Canyon í Los Angeles og mamma hennar gerist umboðsmaður hennar.

**2005** Landar hlutverki Dr. Izzie Stevens í sjónvarpsþáttaröð ABC-sjónvarpsstöðvarinnar, Grey's Anatomy.

**2006** Er í 12. sæti á lista Maxim-tímaritsins yfir 100 heitustu kvenmennina og í 19. sæti á lista FHM-tímaritsins yfir kynþokkafyllstu mæð heims. Tilnefnd til Golden Globe fyrir frammistöðu sína í Grey's.

**2007** Slær í gegn á hvíta tjaldinu í Knocked Up og hlýtur Emmy-verðlaun fyrir leik sinn í Grey's Anatomy. Giftist söngvaranum Josh Kelly en þau trúlofuðu sig ári fyrr.

**2008** Leikur Jane Nichols í 27 drosses og er einnig útnefnd „eftirsóttasta konan“ af lesendum AskMen.com.

**2009** Heigl og Kelly ættleiða stelpu frá Suður-Kóreu sem þau nefna Nancy Leigh „Naleigh“ Kelly. Þá eignast Heigl sjötta hundinn sinn.

**2012** Leikur í One for the Money.



FRUMSÝNING HELGARINNAR

Chronicle

Hvað myndir þú gera ef þú fengir skyndilega mátt til að stjórna veröldinni í kringum þig, færa hluti úr stað með hugarorkunni einni saman og stjórna því um leið hvað aðrir gerðu?

Þrjár skólafélagar sem hafa brallað ýmislegt saman ramba dag einn á dularfulla holu í jörðinni fyrir utan heimabæ sinn og ákveða að kanna hana nánar. Þar finna þeir síðan dularfullan hlut af öðrum heimi sem virðist fylla þá af einhvers konar krafti og gefur þeim hæfileika til að færa til hluti með hugarorkunni. Í fyrstu skemmta félagarnir þrjár sér konunglega við að nota þessa nýfengnu gáfu sína, aðallega með því að hrekkja fólk og skjóta því skel í bringu. En svona krafti fylgir líka mikil ábyrgð og þegar einn félaganna ákveður að

nota mátt sinn í illum tilgangi fer gamanið heldur betur að kárna. Líf þeirra fer allt úr skorðum og myrkar hliðar þeirra fara að ná yfirhöndinni.

**Leikstjóri:** Josh Trank.  
**Aðalhlutverk:** Michael B. Jordan, Dane DeHaan, Michael Kelly og Alex Russell.  
**Lengd:** 83 mínútur.  
**Aldurstakmark:** Bönnuð innan 12 ára.  
**Kvikmyndahús:** Smárabíó.

Frumraun leikstjóra

Chronicle er frumraun hins 26 ára gamla leikstjóra Josh Trank á hvíta tjaldinu en áður hefur hann leikstýrt sjónvarpsþáttunum The Kill Point. Myndin er gerð í anda „District 9“ með frábærum bakgrunni í stíl vísindaskáldsagna og ótrúlegum tækniþrellum.

Aðrar frumsýningar: One for the Money

FRUMSÝND FÖSTUDAGINN 3. FEBRÚAR

**f VILTU MIÐA?** Monitor ætlar að gefa miða á Chronicle, fylgstu með... [facebook.com/monitorbladi](http://facebook.com/monitorbladi)

Dreptu tíma í síma

Það getur verið ansi hentugt þegar maður er að bíða hjá lækni eða í strætóskýlinu að geta vipað upp símanum og stytt sér stundir í einhverjum góðum leik. Hér eru nokkrir leikir sem Monitor mælir með.



ROAD TRIP

Road Trip er einfaldur leikur í grunninn. Leikurinn er bara í tvívídd þar sem bíllinn keyrir sjálfkrafa áfram en nota þarf tvo fingur til að halda réttu jafnvægi á bílnum. En bensínið dugir ekki endalust og til að fá auka forða af því þarf að gera kúnstir í loftinu og passa að lenda almennilega.

SCRAMBLE WITH FRIENDS:

Scramble with Friends er skemmtilegur stafarugls-leikur þar sem tveir snjallsíma-eigendur geta spilað sín á milli. Spilari fær gefna upp tiltekna töflu stafarugls og hefur tvær mínútur til að finna eins mörg orð í töflunni og hann getur. Með hjálp nettengingar skiptast menn á að gera og fær hver að gera þrisvar sinnum í hverri keppni.



UNBLOCK ME:

Unblock Me er góður leikur til að reyna aðeins á heilann. Hér er kassi fullur af kubbum og markmiðið er að koma rauða kubbnum út um eina opið á kassanum. En það er hægara sagt en gert þar sem að færa þarf hina kubbana frá á réttan hátt svo að leiðin út sé greið.



CUT THE ROPE:

Cut the Rope reynir rétt eins og Unblock Me á heilann. Nammi hangir í reipi sem þarf að skera á réttan hátt svo það endi í munni froskaskrímisins Om Rom. Oft þarf svo líka að setja nammið í loftbólunni svo það svifi í munnvikin á Om Rom og þá kemur það sér iðulega vel að vera með hárblásara á köntunum til að blása loftbólunni í rétta átt.



„Just do it already.“ Alison Scott í Knocked Up, 2007

KVIKMYND



Clooney, Hawaii en ekkert djamm

The Descendants fjallar um Matt King (George Clooney) sem reynir að vinna upp glataðan tíma með dætrum sínum eftir að eiginkona hans slasast alvarlega. King var búinn að vera fjarverandi eiginmaður og faðir en eftir að eiginkona hans fellur í dá er það undir honum komið að sýna smá ábyrgð.

Ofan á þetta allt saman stendur Matt í samningaviðræðum við skyldmenni sín um að selja stórt land á einni eyjunni í kringum Hawaii. Þetta stóra land hafði fjölskyldan erfð frá ættingjum sínum. Lífid er því gríðarlega flókið og dramatískt fyrir Matt kallinn og veit hann í raun ekkert hvað hann er að gera. Það var svolítið skemmtilegt hvað landslagið og andrúmsloft Hawaii-eyjanna var öðruvísi. Oftast eru Hollywood-myndir sem gerast á Hawaii ekkert nema brimbretti og Pina Colada. Það er ekkert þannig hér á ferð heldur er raunveruleikinn eins blákaldrur og hugsast getur.

Mikið mæðir á Clooney

George Clooney stendur sig mjög vel og er hann í rauninni fullkominn í þetta hlutverk. Hugsanlega hans besta hlutverk. Eldri dóttir hans er leikin af Shailene Woodley en hún er ekki mjög þekkt í bransanum. Hún er einnig mjög góð og það er fallet sambandið hennar við föður sinn. Önnur hlutverk eru frekar litil og mæðir því langmest á þessum tveimur. The Descendants er góð mynd og ég held að fólk verði ekki fyrir vonbrigðum með hana. Ég skil samt ekki alveg af hverju hún fær svona rosalega gott umtal. Hún er langt frá því að vera frábær mynd. Hún rennur vel í gegn en ekkert meira en það. Ég hugsa að eldra fólk verði hrifnara en það yngri því þetta er svolítið fyrir mömmu og pabba. Það verður að gera myndir fyrir þau líka.

Tómas Leifsson



THE DESCENDANTS



# CHRONICLE

BOYS WILL BE BOYS.

ÞRÍR SKÓLASTRÁKAR ÖÐLAST OFURKRAFTA  
EN HVAD GERIST ÞEGAR REIÐIN NÆR YFIRHÖNDINN?

HÖRKUSPENNANDI MYND  
SEM ENGIN MÁ MISSA AF!



HEIMSFUMSÝND Á MORGUN!

SMÁRA BÍÓ

BORGAR BÍÓ

LAUGARAS BÍÓ

KEFLAVÍK SAMBÍÐN

SENDU SMS SKEYTIÐ ESL CHR  
Á NÚMERIÐ 1900  
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

FULLT AF VINNINGUM:

**BÍÓMIÐAR**

TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!

VILTU  
VINNA  
MIÐA?

9. HVER  
VINNUR!  
FJÖLDI  
AUKAVINNINGA

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.


[WWW.SENA.IS/CHRONICLE](http://WWW.SENA.IS/CHRONICLE)



# Stóð við áramótaheitið

Upphaflega stóð til að sýna sýninguna Uppnám einungis fimm sinnum í Þjóðleikhúskjallaranum en vegna mikillar eftirspurnar urðu sýningarnar þrettán talsins. Nú á að setja punktinn yfir í-íð á föstudagskvöld þegar söngleikurinn verður settur upp á stóra sviði Þjóðleikhússins. „Fólki fannst þetta svo hrikalega fyndið og það fréttist fljótt hvað þetta er skemmtilegt hjá okkur. Okkur finnst þetta náttúrulega sjálfum svo skemmtilegt en við bjuggumst ekki við að fólk myndi taka þessu svona rosalega vel,“ segir Bjarni Snæbjörnsson sem fer með hlutverk Viggó í sýningunni en Sigríður Eyrún Friðriksdóttir leikur Víólettu. „Viggó og Víóletta hafa verið til í fjögur ár. Við höfum verið að skemmta á alls kyns uppákomum en okkur fannst kominn tími á að gera eitthvað meira með þessar persónur svo þær væru ekki lengur þessar skrýtnu, óræðu típur sem kæmu bara fram á árhátíðum. Það var reyndar áramótaheitið mitt í fyrra að setja upp söngleik með Viggó og Víólettu og með hjálp Siggú stóð ég við það.“

Fyrir hlé eru það Þörupiltar sem sjá um að skemmta áhorfendum en eftir hlé taka Viggó og Víóletta við. „Við, Viggó og Víóletta, erum að stinga á öllum þessum kylum sem fólk þekkir. Við tölum um fordómanna alla, meðvirknina og hvað allir eru dofnir. Við erum að sópa tilfinningum undir teppið sem allir Íslendingar þekkjá á einhvern hátt,“ segir Bjarni sem hlakkar til að fara á stóra sviðið. „Ég er með fíðildi í mallanum. Svólítið stress. En við erum að bæta við sýninguna svo hún verði enn betri. Þetta verður svona „power“-sýning.“ Miðasala fer fram á leikhúsið.is og er miðaverð 2.500 krónur.



UPPNÁM  
Föstudagur 3. febrúar  
Þjóðleikhúsið kl. 21

## fílófaxið

fimmtudagur 2 feb.

laugardagur 4 feb.



**SVAVAR KNÚTUR**  
Café Rosenberg  
21:00 Hinna hlítrubador Svavar Knútur heldur tónleika á Rosenberg þar sem hann segist jafnvel ætla að spila tvö eða þrjú ný lög.

föstudagur 3 feb.



**50'S ÞEMAKVÖLD**  
Reykjavík Backpackers  
20:00 Fyrsta vikulega þemakvöldið hjá Reykjavík Backpackers fer fram á föstudaginn í húskynnum RB á Laugavegi 28. Því er lag að klæða sig upp í góðan fiftisgalla og tjútta við góða tóna frá 6. áratugnum.

**ENDLESS DARK**  
Bar 11  
21:00 Rokkarnir í Endless Dark tróa upp á vetrartónleikaröð Ellefunnar. Plötusnúður mættir í búrið að tónleikum loknum. Frítt inn.

### LJÓSMYNDASÝNING ÚTSKRIFTARNEMA

Laugavegur 95  
16:00 Útskriftarnemendur Ljósmyndaskólans halda sýningu niðri í bæ sem stendur til kl. 19. Ljósmyndarnir sýna meðal annars fólkið í landinu og landið í fólkinu þar sem framkallast alvaran, grínið, listin, vatnásísar, kjólarnir og fjöllin. Allir eru velkomnir.

**200.000 NAGLBÍTAR**  
Hof  
20:00 Rokktrióið 200.000 naglbítar snúa aftur. Sjá nánar í forsiðuviðtali Monitor þar sem Villi naglbítur fer mikinn. Miðaverð er 2.500 kr.



**SKÁLMOELD**  
Gaukur á stöng  
21:00 Víkingarokkarnir í Skálmöld blása til rokktonleika á Gauknum með Mont, Angst og Atrum sér til halds og trausts. Aldurstakmark er 20 ára og kostar 2.500 kr. inn. Fyrir um daginn, þ.e. kl. 16, heldur sveitin einnig tónleika á Gauknum án aldurstakmarks en inn á þá tónleika kostar 1.500 kr.

**KVIXSYNDI #2**  
Faktorý  
23:00 Kvixsynðahópurinn, sem samanstendur af Captain Fufanu og Bypass, stendur fyrir öðru Kvixsynðakvöldinu í bakherbergi Faktorý þar sem framkoma fyrrnefnd raftónlistartvíeyki ásamt Hypno og Vurt.

# LOKAPRÓFIÐ

| 2. febrúar 2012 |



Ég heiti Magni Ásgeirsson.

Þú veist hver ég er af því að ég syng?

Það sísta við Söngvakeppni Sjóntvarpsins á laugardaginn var

a) að þurfa að vera sminkaður  
b) það að Herbert Guðmunds hafi ekki komist áfram.  
c) öll pressan og kröfurnar sem Sveinn lagahöfundur gerði til mín  
d) að þurfa að hlusta á öll hin löggin sem mér fannst ekkert varið í  
e) þetta var ekki lokakeppni!  
en það skemmtilegasta var ekki að hafa áfram!

Þegar Tommy Lee gerði „Magnificent“ að ódauðlegu gælunafni hugsaði ég:

- a) „Af hverju fattaði ég ekki upp á þessu nafni?“
- b) „Oh my god, sjálfur Tommy Lee filar mig!“
- c) Sjitt, ég á aldrei eftir að losna við þetta gælunafn.
- d) Hana sændu þetta varla sjálfur...

Ef fer út til Baku mun ég kalla mig

- a) Magnyl
- b) Magni-ficent
- c) Magnet
- d) Quantity
- e) Guðmundur frá Brekuból

Sá sídasti sem ég heyrði í frá Rockstar-ævintýrinu var

- a) Tommy Lee
- b) Lukas Rossi
- c) Dilana
- d) Toby  
og það var á ferðinu fyrir nokkurn viku

Að rifja upp Rockstar Supernova-þættið er eins og

stæða ferningamyndin af æsum

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:

Magni ☺

Ef ég mætti velja einn af eftirfarandi til að fara út að borða með myndi ég velja

- a) Kurt Cobain
  - b) Jimi Hendrix
  - c) Jesú Kristur
  - d) Adolf Hitler
  - e) Barack Obama
- til þess að fá frítt að drekka ☺



Ef ég yrði að hætta í Á móti sól og byrja í annarri hljómsveit með orðið

- a) „sól“ í nafninu myndi ég vilja byrja í
- a) Sóldögg.
- b) Sólstrandargæjunum.
- c) SS Sól
- d) Sólstöfum
- e) Empire of the Sun.
- f) \_\_\_\_\_

Uppáhaldskeppnin mín sem ég hef tekið þátt í til þessa er

- a) Söngkeppni framhaldsskólanna
- b) Rockstar Supernova
- c) Söngvakeppni Sjóntvarpsins
- d) Músiktilraunir

Ég er alfarið á móti The Sun.

- s) Skítablað

Ég hef verið úti í sólinni þegar einhver hefur sagt við mig: „Magni, ertu á móti sól?“

- s) Allt of oft!

Síðasta sms sem ég fékk var frá

Sýrnum-Eigendranum minna og í því stóð: Lokaprófið frá Monitor er nætt í hús

Í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá Eddie Vedder til að

leika mig en líklega yrði það samt Inga Vedursgud...

Ef ég mætti gera Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa

Why?

## Síðast en ekki síst

» Kristín Pétursdóttir, verðandi leiklistamei, filar:

**Kvikmynd:** Get mælt með 50/50. Sá hana nýlega og finnst hún mjög vel leikin og áhuga-vert að sjá „húmorshliðina“ á krabbameini. Aðra góða má nefna til dæmis Drive þar sem tónlistin í henni er svo mögnuð.

**Þáttur:** Er búin að fylgjast með Desperate Housewives frá upphafi og fæ hreinlega ekki nóg. Það besta við mánudaga er að horfa á glænýjan Despo og leggja sig svo aðeins. New Girl þættirnir lofa líka góðu.

**Bók:** Er þessa dagana að lesa Hálandið eftir Steinar Braga sem er virkilega vel heppnuð. Hún er hrikalega spennandi og nær manni strax frá upphafi. Ég fíla spennu- og glæpasögur í tætlur.

**Plata:** Held ég verði að nefna In Rainbows með Radiohead. Sjaldan sem heil plata inniheldur bara geðveik lög. Annar upphalds er Neon Bible frá Arcade Fire.

**Vefsíða:** IMDB.com. Horfi mikið á kvikmyndir og því er ómissandi að hafa IMDB-appið í símanum til að fletta upp hínu og þessu. Það er líka gott að taka smá 9GAG rúnt fyrir svefninn, ásamt Facebook.

**Staður:** Ísafjarðardjúp. Hápunktur hvers sumars er að fara með afa og ömmu og fjölskyldunni í Djúpið og hafa það huggulegt. Varla símasamband né rafmagn og algjör náttúruþerla. Svo skemma bláberjaferðirnar þangað á haustin ekki fyrir.





## HVAÐ ER TÍTT?

**Nafn:** Andri Freyr Viðarsson.  
**Á forsíðu:** 9. september 2010.  
**Fyrirsögn viðtals:** Tókst ekki einu sinni að tengja hljóðkortid.

Síðan ég var á ykkar unaðslegu forsíðu hef ég lufsast í gegnum 100 og eitthvað ef ekki 200 útvarpsþætti með góðu móti. Ég hef einnig klárað heila sjónvarpsþáttaröð og er að klára tölur á nýjum sjónvarpsþætti sem heitir Andraland. Það má segja að þar sé maður búinn að vinna myrkranna á milli úti um allan bæ undanfarna 2 mánuði svo núna bið ég bænirnar alla daga þar sem fyrsti þáttur fer í loftið 8. mars á RÚV. Ég vona að fólk hafi gaman af því. Þess á milli er ég ræskjandi mig og smyrjandi raddböndin fyrir útvarpið. Er að fara á fullt í útvarpið aftur eftir smá pásu. Það verður yndislegt að setjast aftur með Gunnu Dís minni og stjórnara með henni Virkum morgnum á Rás 2.



## LOL-MAIL MONITOR

frá Jón Ragnar Jónsson  
til Hjörvar Hafliðason  
dagsetning 31. janúar 2012 11:06  
titill LOL-mail Monitor

Sæll og blessaður K-maður

Blö-vélin skoraði á þig í síðustu viku svo nú er að sjá hvort þú sért ekki klár með einn sem fær menn til að liggja í gólfnu.

Einnig væri frábært ef þú gætir skorað á einhvern skemmtilegan einstakling.

Gangi þér vel og takk,  
Jón Ragnar

Jú ég á fullt af geggiðuðu stöfí! Og var að semja einn bara fyrir þig King Nonni.

Ég hringdi í Norður-Kóreumann um daginn sem ég þekki frá gamalli tíð og sagði við hann: „Jæja elsku vinur, hvernig er svo lífið í Norður-Kóreu?“ Þá svaraði hann: „ég get alla vega ekki kvartað.“

Ég skora á Sólmund Hólm.

HH



## Sjálfsalatenging

Á undanförunum árum hefur framboð vara í sjálfsölum aukist og nú má þar finna fleira en bara nammi og flögur og ganga sumir sjálfsalar svo langt að selja gull og kaviar. Það er nefnilega deginum ljósara að við lifum á tímum mikillar tæknipróunar sem sést kannski best á því að nú til dags eiga flestir í hinum tæknivædda heimi eiga snjallsíma eða spjaldtölvu ef ekki hvoru tveggja. Fyrir vikið er auðveldara að komast á internetið og því eykst eftirspurnin eftir góðri nettengingu.

Japanir eru ansi framarlega í sjálfvirkri smásölu og nú hefur drykkjarframleiðandinn Asahi Beverages ákveðið að nýta sér eftirspurnina eftir nettengingu með því að bjóða upp á fría þráðlausa nettengingu í sjálfsölu sínum. Þannig geta þeir sem eru innan við 50 metra frá hverjum sjálfsala nýtt sér þetta og vafrað um internetið. Netnotandinn hefur 30 mínútur af frírri nettengingu þar til hann þarf að tengjast aftur og má reikna með því að viðkomandi geti orðið þyrstur að meðan. Sníðugt?

## Ertu trommmari?

Erum að taka við umsóknum frá nemendum á öllum stigum, byrjendum jafnt sem atvinnumönnum.

Upplýsingar um skólagjöld og námsfyrirkomulag má finna á [trommuskolinn.com](http://trommuskolinn.com) og [gunnarwaage.com](http://gunnarwaage.com)

„Beyond his impeccable chops...“

„Gunnar keeps things interesting by turning corners with his unpredictable chops and avant-tinged orchestrations.“

David Stanoch, dálkahöfundur Modern Drummer Magazine

Kíkið á [gunnarwaage.com](http://gunnarwaage.com) skoðið kennslumyndbönd og hlustið á Derek Sherinian, David Garfield, Percy Jones og Tony Franklin.

Trommuskóli Gunnars Waage • Síðumúla 29, Rvk. • Sími: 865 5890 • [info@trommuskolinn.com](mailto:info@trommuskolinn.com)



## LAGALISTINN

Víkan 26. janúar - 1. febrúar 2012

- 1 **Of Monsters And Men**  
Lakehouse
- 2 **Goyte / Kimbra**  
Somebody I Used To Know
- 3 **The Black Keys**  
Lonely Boy
- 4 **Lana Del Ray**  
Born To Die
- 5 **Amy Winehouse**  
Our Day Will Come
- 6 **Dikta**  
What Are You Waiting For?
- 7 **Foster The People**  
Call It What You Want
- 8 **Retro Stefson**  
Qween
- 9 **Florence & The Machine**  
Shake It Out
- 10 **David Guetta**  
Titanum

☑ **Of Monsters And Men** King and Lionheart ☑ **Labrinth / Tinie Tempah** Earthquake ☑ **Jason Derulo** Fight For You ☑ **Hjálmar** Borð fyrir tvo ☑ **Mugison** Gúaná stelpa ☑ **Adele** Rumour Has It ☑ **Lana Del Ray** Video Games ☑ **Mugison** Kletturinn ☑ **M83** Midnight City ☑ **Katy Perry** The One That Got Away ☑ **Florence & The Machine** No Light No Light ☑ **Coldplay / Rihanna** Princess Of China ☑ **Bruno Mars** It Will Rain ☑ **Charlene Soraia** Wherever You Will Go ☑ **Ed Sheeran** Lego House ☑ **Ham** Heimamenn ☑ **Jessie J** Domino ☑ **Adele** Turning Tables ☑ **Pitbull** International Love ☑ **Mugison** Þjóðarsálin

\*Lagalistinn er unninn af Félagi hljómplötuframleiðenda og inniheldur samantekt síðastliðinnar viku á mest spilaðu lögum á eftirtöldum útvarpsstöðvum: Bylgjan, FM95.7, Xíð 97.7, Rás 2 og Kaninn. Auk þess er tekið mið af sölu á Tónlist.is.



## TÓNLISTINN

Víkan 26. janúar - 1. febrúar 2012

- 1 **Mugison**  
Haglél
- 2 **Valgeir Guðjónsson**  
Spilaðu lag fyrir mig
- 3 **Of Monsters And Men**  
My Head Is An Animal
- 4 **Adele**  
21
- 5 **Sigurður G. og Sigríður Thorlacius**  
Ásamt Símfóníuhljómsveit Íslands
- 6 **Helgi Björnsson**  
Íslenskar dægurperlur í Hörpu
- 7 **Friðrik Karlsson & María Ellingsen**  
Jóga
- 8 **Sólstafir**  
Svartir sandar
- 9 **Gus Gus**  
Arabian Horse
- 10 **Hjálmar**  
Órar

☑ **Lay Low** Brostinn strengur ☑ **Papar og gestir** Jameson ☑ **Dikta** Trust Me ☑ **Úr leikritum** Thorbjörn Egner: Gömlu góðu leikritin ☑ **Amy Winehouse** Lioness: Hidden Treasures ☑ **Stebbi og Eyfi** Fleiri notalegar ábreiður ☑ **Ýmsir** Pottþétt 56 ☑ **Jón Múli Árnason** Söngdansar og ópusar ☑ **Pollapönk** Aðeins meira pollapönk ☑ **Sóley** We Sink ☑ **Einar Scheving** Land míns föður ☑ **Ragnhildur Gísladóttir** Þorralögin ☑ **Grafík** 1981-2011 ☑ **Jón Jónsson** Wait For Fate ☑ **Björgvin Halldórsson** Gullvagninn ☑ **Baggalútur** Áfram Ísland ☑ **Úr söngleik** Borgarleikhússins Galdrakarlinn í Oz ☑ **Ýmsir** 100 vinsæl barnalög ☑ **Cortes** Feðgar Ísland ☑ **Sykur** Mesópótamía

\*Tónlistinn er unninn af Félagi hljómplötuframleiðenda og inniheldur sölutölur síðastliðinnar viku í verslunum Skifunnar, Hagkaupa, Pennans / Eymundssonar, 12 Tóna, Hörpu, Elkó, Smekkleysu plötubúð og á Tónlist.is.



**2.9990** /MÁN  
**ENGIN BINDING!**

**Reebok**  
FITNESS  
Holtagarðar

[reebokfitness.is](http://reebokfitness.is)